

**Framkvæmdahópur Lífsgæðaseturs í St. Jó - 1811306**

Fundur 21. nóvember 2019 kl. 11:00 til 12:00, haldinn í bæjarráðssalnum Ráðhúsi Hafnarfjarðar.

**Mættir:**

**Fulltrúar:**

Ágúst Bjarni Garðarsson, bæjarfulltrúi, formaður  
Guðlaug Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

**Starfsmenn:**

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður á skrifstofu Umhverfis- og skipulagssviðs  
Sigurður Haraldsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs  
Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður og sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs

**1. Endurbætur á Suðurgötu 41**

Sigurður Haraldsson fer yfir framkvæmdir við St. Jó, Suðurgötu 41.

Húsið var opnað formlega 5. september sl. Önnur hæð hússins er tilbúin og eru leigutakar komin í öll rými.

Í dag er búið að framkvæma fyrir um kr. 88 millj. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir tæpum kr. 80 millj. Helstu ástæður hækkunar eru magnaukningar og viðbótarverk. Endurnýja þurfti hurðar, setja upp nýtt múrkerfi, endurnýja sólbekki, heilsparsla fleiri veggj, loftaefni uppfylltu ekki kröfur til brunaála, ljós ónýt, meira rif, endurnýjun dúka, rafmagnstafla o.s.frv.

Fjárbörf er því um kr. 8 milljónir sem lagt er til að verði tekin af lyklum vegna framkvæmda við Bláfjöll á þessu ári en þeim var frestað.

**2. Framvinda**

Farið yfir hugmyndir að framvindu verkefnisins Lífsgæðasetur sem verkefnastjóri og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs hafa sett fram, ásamt kostnaðaráætlun frá umhverfis- og skipulagssviði.

Fundaritari: Sigríður Kristinsdóttir

Fundi slitið kl 12:00